

Mýrdalshreppur
Vigfús Þór Hróbjartsson
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júní 2013
Tilvísun: UST20130600046/bs


Deiliskipulag - Garðar og Reynisfjara í Mýrdal. Umsögn


Vísað er til bréfs Mýrdalshrepps dags. 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umrætt deiliskipulag: Færa ætti bílastæði norður fyrir veg þannig að göngustígur kæmi til með að liggja meðfram bílastæði og fótgangandi fólk þyrfti hvorki að fara yfir veginn né ganga í vegkanti að göngustíg. Stofnunin telur að forðast eigi að gera bílastæði efst í fjörunni þannig að fólksbílar og sérstaklega rútur verði mjög áberandi í forgrunni þegar komið er að fjörunni.

Svæðið sem verið er að deiliskipuleggja er innan svæðis nr. 708 á náttúruminjasrá. Leggja ætti áherslu á að mannvirki falli eins vel að landi og kostur er og jafnframt að hugað verði að því að framkvæmdir verði afturkræfar ef þess er nokkur kostur.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur